

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Theódórs Johnson“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Minningarsjóð Theódórs Johnson“.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Theódórs Johnson“. Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og er varsla sjóðsins og ávöxtun í höndum hans.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru eignir þær, sem ánafnaðar voru af Theódór Johnson, hóteltjóra, Reykjavík, með erfðaskrá hans dags. 25. mars 1965. Samkvæmt yfirliti, sem er fylgiskjal með skipulagsskrá þessari nema þær kr. 22 537 515.

### 3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða og árlega skal leggja við hann  $\frac{1}{3}$  hluta af árstekjum sjóðsins.

### 4. gr.

Þeim tekjum, sem ekki skal leggja við höfuðstól skv. 3. gr., skal varið til að styrkja efnilega en efnalítla stúdenta, einn eða fleiri, til náms við Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms erlendis að loknu námi við Háskóla Íslands. Heimilt er að úthluta í einu lagi tekjum fleiri ára. Auglýsa skal eftir umsóknum úr sjóðnum og skal úthlutun fara fram á afmælisdegi Theódórs Johnson, 22. janúar.

### 5. gr.

Gera skal reikninga sjóðsins ár hvert og skulu niðurstöður þeirra birtast í árbók Háskólans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir með sama hætti og reikningar annarra háskólasjóða.

### 6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan prentuð í B-deild Stjórnartíðinda og Árbók Háskólans.

Nr. 308.

## REIKNINGUR

yfir eignir dánarbús Theódórs Johnson.

1. Húseignin Bergstaðastræti 50A Reykjavík			
fm. húss	kr.	33 788 000	
fm. lóðar	—	5 407 000	
			kr. 39 195 000
2. Hlutabréf:			
a. Eimskipafélag Íslands	kr.	159 000	
b. Flugleiðir	—	118 400	
			kr. 277 400
3. Skuldabréf:			
a. Magnús Sigurjónsson	kr.	1 750 000	
b. Torfi Ásgeirsson	—	800 000	
			kr. 2 550 000

4. Spariskírteini:		
a. 1. fl. 1970 .....	kr.	75 000
b. 2. fl. 1976 .....	—	3 000 000
c. 2. fl. 1977 .....	—	900 000
d. 1. fl. 1978 .....	—	500 000
		<hr/>
		kr. 4 475 000
5. Inneign á Málflutningsskrifstofu Guðmundar Péturssonar og Axels Einarssonar .....		kr. 950 000
		<hr/>
	Eignir samtals	kr. 47 447 400
	Áætlaður erfðafjárskattur	kr. 2 372 370
		<hr/>
		kr. 45 075 030
		<hr/>
	Minningarsjóður Theódórs Johnson	kr. 22 537 515
	Skógræktarsjóður Theódórs Johnson	kr. 22 537 515
		<hr/>
		kr. 45 075 030

Nr. 309.

13. maí 1980.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningar- og menntunarsjóðs Fósturskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. maí 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Minningar- og menntunarsjóðs Fósturskóla Íslands.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningar- og menntunarsjóður Fósturskóla Íslands.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 16. maí 1970 til minningar um Aðalheiði Aðalsteinsdóttur fósturu er lést 6. október 1961. Hún var fædd 30. október 1937. Stofnendur sjóðsins eru skólasystur Aðalheiðar brautskráðar frá Fóstruskóla Sumargjafar 1960.

Stofnframlag er 13 000.00 krónur lagt fram af skólasysturum Aðalheiðar 1970.

#### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- Stofnframlag að fjárhæð kr. 13 000.00.
- Frjáls framlög s. s. minningargjafir.
- Vextir af höfuðstól, eins og hann er hverju sinni.

#### 4. gr.

Sjóðinn má ávaxta:

- Í almennri bankabók eða vaxtaaukabók.
- Með kaupum á ríkistryggðum ríkisskuldabréfum.
- Með vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum.
- Eða á annan jafnöruggan og ábatasaman hátt.